

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir menningar- og þjónustustarfsemi í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar, Fljótsdalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þann 3. júní 2008, deiliskipulag fyrir menningar- og þjónustusvæði í landi Skriðuklausturs, Valþjófsstaðar 1 og Hamborgar.

Afmarkaðar eru 2 nýjar íbúðahúsalóðir við Skriðu og lóð fyrir þjóðgarðsmiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs á Skriðuklaustri, auk íbúðar- og fjárhúsalóðar fyrir ábúanda Skriðuklausturs við norðurmörk svæðisins. Aðkomuvegi að Gunnarshúsi verður breytt og verður sameiginleg aðkeyrsla með þjóðgarðsmiðstöð. Menningar- og þjónustustarfsemi á Skriðuklaustri er markaður rammi. Skilgreind er lóð fyrir Melarétt og þjónustuhús í landi Hamborgar og skilgreind er starfsemi á lóð Félagsheimilisins Végarðs í landi Valþjófsstaðar 1, þar sem gert er ráð fyrir fullbúnu tjaldsvæði ásamt smáhýsabyggð.

Allt annað land innan skipulagssvæðisins sem ekki hefur sérstaka skilgreiningu er landbúnaðarsvæði sbr. aðalskipulag sveitarfélagsins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Végarði, 12. september 2008.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 26. september 2008